

Frjósemiskýrslunni í Huppu hefur verið breytt og hún einfölduð

Frjósemiskýrslan í Huppu hefur verið einfölduð og gerð auðveldari í notkun en áður var.

Gerð hefur verið frjósemistala FS-tala að norski fyrirmynd. Hún tekur mið af hlutfalli kúa sem ekki hafa komið til endursæðingar innan 56 daga frá fyrstu sæðingu, fjölda sæðinga á kú, fjölda daga frá burði til síðustu sæðingar, fjölda sæddra kúa og fjölda kúa sem hefur verið fargað vegna ófrjósemi sl. 12 mánuði.

Þegar farið er inn á huppu.is og inn í skýrslur kemur skjámynd 1.



Skjámynd 1. <http://www.huppu.is/skyrslur/index/index>

Frjósemiskýrsla

Þegar farið er áfram inn í Frjósemiskýrslu kemur skjámynd 2.

FS-talan gefur vísibendingu um hvort frjósemi búans er viðunandi, góð eða óviðunandi. Markmiðið er að hún sé 55 eða hærra. Letrið verður rautt ef hún er undir 40 sem er óviðunandi.

Fjöldi sæðinga á kú ættu að vera færri en 1,8 og það er óviðunandi að þær séu fleiri en 1,9.

Dagar frá burði til 1. sæðingar er mjög mikilvægur mælikvarði. Þar er markmiðið sett við 60 daga og það er óviðunandi að það líði meira en 90 dagar að meðaltali þangað til kýrnar eru sæddar fyrst eftir burði.

Dagar frá burði til síðustu sæðingar er mikilvæg vísibending um hver tíminn verður milli burða á næstu mánuðum. Markmiðið er að það líði ekki fleiri dagar en 80 þangað til kýrnar hafa haldið og það er óviðunandi að þessi tími sé lengri en 100 dagar.

Yfirlit	Kýr á fyrsta mjaltaskeiði	Eldri kýr	Kvígur
FS-tala	63	55	
E.U.% 56 daga	54	60	
Fjöldi sæðinga á kú	1,9	1,7	
Dagar frá burði til 1. sæðingar	61	60	
Dagar frá burði til síðustu sæðingar	91	80	
Dagar milli burða	363	365	
Aldur við 1. sæðingu, kvígur, mán	15	15	
Aldur við 1. burði, mán.	26,7	24	

Skjámynd 2. Frjósemiskýrsla búans: Yfirlit.

Dagar á milli burða.

Markmiðið er sett að sá tími sé um 365 dagar, en það er líka óviðunandi að það líði lengra á milli burða en 385 dagar að meðaltali. Þetta er mælikvarði á hvernig ástandið hefur verið og tekur aðeins til þeirra kúa sem hafa borið tvisvar. Upplýsingarnar í línunum þar fyrir ofan geta gefið vísibendingu um hvert stefnir varðandi frjósemina hvort tíminn milli burða muni lengjast eða stytast.

Aldur við 1. sæðingu, kvígur, mán. Mælt er með að kvígurnar séu sæddar þegar þær ná 15 mánaða aldri.

Aldur við 1. burði, mán. Best er að eðlilega þroskaðar kvígur beri um það bil 24 mánaða. Kvígurnar eiga að vera bornar að meðaltali 26 mánaða eða yngri.

Áframhaldandi athugun á frjósemi.

Hægt er að skoða betur hvað getur valdið því að einhver viðmið í frjósemisýrlitinu eru óviðunandi. Þá er best að fara í næsta flípa „Kýr á fyrsta mjaltaskeiði“, skjámynd 3.

Á skjámynd 3 er hægt að skoða hvort einhverjar kýr á fyrsta mjaltaskeiði skera sig úr í frjósemi, þar má t.d. sjá að 1485 Pera var sædd

Frjósemiskýrsla búans

Yfirlit	Kýr á fyrsta mjaltaskeiði	Eldri kýr	Kvígur						
Gripur	Fæðingardags.	Síðasti burð.	Fyrsta sæð.	Fyrsti burð.	Dagar í fyrstu sæð.	Milli sæð.	Dagar í síð. sæð.	Fanghl.	Sæðingar
1472 Hvítmaðra	17.10.2011	21.04.2014	15	30	35	38	111		3
1485 Pera	30.11.2011	11.02.2014	15	26	67	106	173		2
1494 Aþena	17.01.2012	17.04.2014	15	27	105	19	124		2
1497 Tuðra	19.01.2012	26.06.2014	19	29	50		50	Já	1
1499 Flugla	29.01.2012	06.09.2014	18	31	82		82	Já	1
1566 Nepja	10.02.2013	29.12.2014	13	22	30		30	Já	1
1567 Síða	13.02.2013	20.03.2015	15	25	34		34	Já	1
1569 Snúra	20.02.2013	13.03.2015	14	24					
1571 Gullhúfa	25.02.2013	16.03.2015	14	24	43		43	Já	1
			14	26	58	38	80	58%	1,6

Skjámynd 3. Frjósemiskýrsla búans, „Kýr á fyrsta mjaltaskeiði“. Taflan er klippt til þannig að aðeins hluti af kúnum sést á þessari mynd.

Frjósemiskýrsla búans

Yfirlit	Kýr á fyrsta mjaltaskeiði	Eldri kýr	Kvígur								
Gripur	Fæðingardags.	Síðasti burð.	Mjaltask.	Fyrsta sæð.	Fyrsti burð.	Dagar í fyrstu sæð.	Milli sæð.	Dagar í síð. sæð.	Milli burða	Fanghl.	Sæðingar
1340421-0097 Petra	20.02.2005	09.07.2014	7	15	29	62		62	423	Já	1
1331721-0256 Rauðhetta	29.11.2008	13.11.2014	4	12	33	89	35	158	386		3
1204 Ljónslöpp	17.04.2007	21.11.2014	6	18	27	55		55	385	Já	1
1229 Urður	19.11.2007	17.11.2014	6	15	25	77	16	93	358		2
1251 Ögn	17.02.2008	07.08.2014	5	15	24	102	29	190	405		4
1481 Ör	26.11.2011	20.11.2014	2	14	25	45		45	329	Já	1
1482 Aðventa	26.11.2011	06.01.2015	2	14	24	38	20	58	395		2
1492 Ljómálin	04.01.2012	05.01.2015	2	15	24	73		73	339	Já	1
1493 Skegla	15.01.2012	12.12.2014	2	14	23	38	28	151	341		5
1498 Rauðka	19.01.2012	06.05.2015	2	18	28				347		
			2,9	16	27	63	29	98	369	46%	2,2

Skjámynd 4. Frjósemiskýrsla búans, „Eldri kýr“. Taflan er klippt til þannig að aðeins hluti af kúnum sést á þessari mynd.

Frjósemiskýrsla búans

Yfirlit	Kýr á fyrsta mjaltaskeiði	Eldri kýr	Kvígur		
Gripur	Fæðingardags.	Fyrsta sæð.	Milli sæð.	Fanghl.	Sæðingar
1529 Flækja	08.08.2012	15	32		6
1559 Fossa	23.01.2013	13	59		5
1573 Líf	28.03.2013	17	59		2
1575 Lilja	06.04.2013	16	69		2
1577 Rita	20.05.2013	13	111		2
1633 Alma	19.01.2014	14		Já	1
1634 Klessa	31.01.2014	13		Já	1
1644 Kúba	04.05.2014				
1662 Toppa	06.09.2014				
1674 Soppa	06.10.2014				
		14	59	63%	1,7

Skjámynd 5. Frjósemiskýrsla búans, „Kvígur“. Taflan er klippt þannig að aðeins hluti af kvígunum sést á þessari mynd.

Væntanleg beiðsli

Sæddar kýr og kvígur	Ósæddar kýr	Ósæddar kvígur					
Gripur	Kyn	Aldur í mán.	Mjaltaskeið	Síð. burð.	Dagar frá burði	Síð. sæðing	Dagar frá sæð.
1416 Kyndilmessa	Kýr	51	3	12. des 2014	158	23. mar 2015	57
1542 Eyarrós	Kýr	31	1	12. jan 2015	127	23. mar 2015	57
1633 Alma	Kvíga	16	-	-	-	27. mar 2015	53
1538 Vígdís	Kýr	31	1	16. nóv 2014	184	30. mar 2015	50
1634 Klessa	Kvíga	15	-	-	-	30. mar 2015	50
1557 Jörð	Kýr	28	1	30. jan 2015	109	01. apr 2015	48
1625 Sprengja	Kvíga	16	-	-	-	06. apr 2015	43
1454 Gæfa	Kýr	45	2	09. jan 2015	130	09. apr 2015	40
1274 Artemis	Kýr	80	5	10. feb 2015	98	09. apr 2015	40
1331721-0256 Rauðhetta	Kýr	77	4	13. nóv 2014	187	20. apr 2015	29

Skjámynd 6. Skýrslur, Væntanleg beiðsli, Sæddar kýr og kvígur.

Væntanleg beiðsli

Sæddar kýr og kvígur	Ósæddar kýr	Ósæddar kvígur	
Gripur	Mjaltaskeið	Síð. burð.	Dagar frá burði
1395 Klöja	3	07. sep 2014	254
1517 Þula	1	13. sep 2014	248
1533 Snæðis	1	13. sep 2014	248
1355 Önd	4	20. nóv 2014	180
1368 Agnarógn	3	28. des 2014	142
1369 Frenja	3	16. jan 2015	123
1373 Kría	3	02. mar 2015	78
1569 Snúra	1	13. mar 2015	67
1380 Björk	4	22. apr 2015	27
1470 Villimey	2	04. maí 2015	15
1498 Rauðka	2	06. maí 2015	13
1390 Loðna	3	06. maí 2015	13

Skjámynd 7. Skýrslur, Væntanleg beiðsli, Ósæddar kýr.

Guðmundur Jóhannsson
Ábyrgðarmaður í
nautgripaækt
mundi@rml.is



Þorsteinn Ólafsson
Dýralæknir
Nautastöð BÍ
steini@bondi.is



67 dögum eftir burð en kom ekki til endursæðingar fyrr en eftir 106 daga og 1494 Aþena var ekki sædd fyrr en 105 dögum eftir burð, en hélt líklega á annarri sæðingu 19 dögum seinna. Ekki er ennþá búið að sæða 1569 Snúru sem bar 13. mars.

Þessi hluti kúnna var sæddur að meðaltali fyrstu sæðingu 58 dögum eftir burð og það eru liðin 80 dagar frá burði að síðustu sæðingu. Þær voru að meðaltali 26 mánaða þegar þær báru fyrst og sæddar fyrst 14 mánaða gamlar.

Skjámynd 4 sýnir hvernig staða eldri kúnna er og hér má sjá hvað hefur liðið langur tími milli burða hjá hverri og einni og á hvaða mjaltaskeiði þær eru. Það skal tekið fram að þessar skjámyndir sýna aðeins hluta kúnna.

Skjámynd 5 sýnir kvígurnar. Þrjár efstu kvígurnar eru greinilega kvígur sem hefur gengið illa að koma kálfi í og eru þess vegna óbornar ennþá og orðnar gamlar. Þrjár neðstu kvígurnar eru ósæddar.

Ennþá hafa kvígurnar ekki verið teknar inn í yfirlitsskýrsluna með FS-tölunni, vegna þess að það eru svo mikil brögð af því að kvígum sé haldið undir naut, sem getur skekkst yfirlitið.

Undir flípanum „Skýrslur“ er annar gluggi „Beiðsli (væntanleg beiðsli)“ sjá skjámynd 1.

Skjámynd 6 sýnir hvað felst á bak við hann. Þar má sjá hvenær kýrnar og kvígurnar voru sæddar síðast, og hvaða kýr og kvígur eru ósæddar. Á myndinni sést að það getur verið tímabært að láta fangskoða allt að 10 kýr.

Skjámynd 7 sýnir að líklega er ekki ætlunin að sæða nokkrar kýr sem eru bornar fyrir löngu, en það getur verið orðið tímabært að láta dýralækni skoða kýr sem báru fyrir 60 dögum eða meira.

Á bak við flípann „Ósæddar kvígur“ sést svo aldurrinn á þeim kvígum sem ekki er búið að sæða.

Lokaorð

Til þess að upplýsingarnar í tölvakerfunum komi að gagni við bústjórnina er grundvallaratriði að skráningar í kerfið séu réttar. Dagsetningar á burðum, sæðingum og notkun heimanauta þarf að skrá sem allra fyrst. Þar verða allir að leggja á eitt, bændur sjálfir, frjótækna og ráðunautar.

Það er bæð von okkar og trú að þessar skýrslur komi kúabændum mjög til góða við að halda uppi góðri frjósemi á búi sínu eða bæta hana ef staðan er þannig. Að koma kálfi í kú er ekki einfalt mál og þarfnast mikillar vinnu, óskertrar athygli og meðvitund um hvað verið er að gera á hverjum tíma. Við skulum líka hafa í huga að kýrnar okkar eru lifandi dýr sem á fyrstu vikum mjaltaskeiðsins eru undir miklu álagi. Þær eiga ekki aðeins að mjólka vel heldur þurfa að jafna sig eftir burðinn, beida og festa fang. Slíkt útheimtir gott atlati á alla lund.

Beiðisgreining getur verið mjög vandasöm og liggur misvel fyrir mönnum. Það er því ákaflega mikilvægt að menn notfæri sér þau hjálpartæki sem standa til boða. Skipuleg, markviss og rétt notkun hjálpartækja eins og t.d. gangmáladagatals, hreyfiskynjara og áður nefndra skýrslna í Huppu getur skipt sköpum við að koma kálfi í kýrnar og kvígurnar en eins og menn vita er það ein af grundvallarforsendum þess að halda uppi framleiðslu mjólkur.